

Stuðningur við nýsköpunarfyrirtæki

í samræmi við lög nr. 152/2009

Handbók

Leiðbeiningar og umsóknarferli



Útgáfa 2.0

1. Inngangur.

Markmið laga nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki er að beita skattalegum hvötum til að efla rannsóknir og þróunarstarf (R&D) nýsköpunarfyrirtækja og stuðla þannig að bættum samkeppnisskilyrðum fyrirtækja. Í þessari handbók er fjallað um lögin, umsóknir og verklag við mat á umsóknum. Við gerð handbókarinnar var haft samráð við hagsmunaaðila.

Lögin voru upphaflega samþykkt á Alþingi í desember 2009, en var breytt í veigamiklum atriðum í lok árs 2010. Upphaflegu lögin uppfylltu ekki samkeppnisskilyrði ESA. Rannís hefur því ekki haft heimild til að vinna úr þeim umsóknum sem bárust á árinu 2010, fyrir en nú í byrjun apríl 2011.

Hvað eru rannsóknir og þróunarstarf (R&D) í þessu sambandi? Samkvæmt orðskýringum í endurskoðuðum lögnum eru rannsóknir, skipulagðar rannsóknir eða mikilvægar athuganir sem eru til þess fallnar að stuðla að öflun nýrrar þekkingar og hæfni til þróunar á nýjum afurðum, ferlum eða þjónustu o.s.frv. Þróun er öflun, sameining, mótun og not fyrirbyggjandi vísindalegrar, tæknilegrar, viðskiptalegrar eða annarrar viðeigandi þekkingar og færni o.s. frv. Heimild opinbers stuðnings er ekki sú sama í rannsóknarverkefnum og í þróunarverkefnum. Mikilvægt er því að gera greinarmun í umsókninni á hvers eðlis verkefnið er.

Rannís er falið að veita staðfestingu á að verkefni uppfylli skilyrði sem nýsköpunarverkefni í skilningi laganna vegna skattfrádráttar. Rannís hefur reynslu af rekstri sjóða þar sem verkefni eru metin á samkeppnisgrundvelli, sem byggir á skilgreindum matsviðmiðunum. Leitast er við að hafa matsferlið eins gegnsætt og kostur er. Verkefni Rannís í þessu tilfelli er að ákveða hvort viðkomandi verkefni fái staðfestingu sem rannsóknar- eða þróunarverkefni í skilningi laganna. Það eru þrjú atriði sem lögð eru til grundvallar: að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind; að sýnt sé fram á að að minnsta kosti 1 millj. kr sé varið til rannsókna og þróunar á almanaksárinu og að starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmyndin að viðkomandi vöru byggist á. Að öðru leyti er vísað til gátlista í þessari handbók.

Rafrænt umsóknareyðublað er á heimasíðu Rannís (www.rannís.is), en forsenda þess að hægt sé að meta verkefni fyrirtækja er að fyrir liggi upplýsingar frá fyrirtækjunum. Óskað er eftir ítarlegum upplýsingum sem lagðar verða til grundvallar við matið, auk þess sem lögin gera ráð fyrir að árangur laganna verði metinn eftir tvö ár og því nauðsynlegt að fá upplýsingar sem gagnast munu síðar við að meta áhrif laganna á samkeppnisstöðu fyrirtækja. Endurskoðendur fyrirtækja þurfa að staðfesta bókhaldsgögn.

Markmið með þessari handbók er að stuðla að því að auðvelt verði fyrir aðila að sækja rétt sinn á þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar og að matsferlið verði eins gegnsætt og kostur er.

Með von um gott samstarf

Mars 2011

Hallgrímur Jónasson,
forstöðumaður Rannís

2. Efnisyfirlit

1.	Inngangur.....	1-3
	Umsóknir og umsóknarferli.....	1-6
	Fullgild umsókn.....	1-6
	Upplýsingar og gögn með umsóknum.....	1-6
	Samstarfsverkefni.....	1-7
	Kostnaður vegna kaupa á þjónustu.....	1-7
	Viðskiptaáætlun.....	1-8
3.	Verklag Rannís við yfirferð umsókna.....	3-9
	Fagnefnd.....	3-9
	Gátlistar.....	3-10
4.	Skilgreiningar og skýringar.....	4-11
	Nýsköpunarfyrirtæki.....	4-11
	Rannsókn- og þróunarverkefni - R&þ.....	4-11
	Hugbúnaður.....	4-12
	Matvælaíðnaður.....	4-13
	Hönnun.....	4-13
	Heilbrigðistæknivörur og lyfjapróun.....	4-14
5.	Árangursmat.....	5-16
6.	Spurningar og svör.....	6-17
7.	Lög nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.....	7-19
8.	Lög nr. 137/2009 um tekjuskatt.....	8-24
9.	Reglugerð nr. 758/2011.....	9-26
10.	Leiðbeinandi reglur ESA um ríkisstuðning.....	10-31

Umsóknir og umsóknarferli.

Fyrirtæki, sem er eigandi rannsóknar- og þróunarverkefna og villnjóta stuðnings sem lögin kveða á um, skal senda Rannís umsókn þess efnis. Fyrirtæki í öllum atvinnugreinum geta sótt um og fengið staðfestingu á að verkefni sem unnið er að sé nýsköpunarverkefni, að uppfylltum skilyrðum laganna. Lögin taka ekki til háskóla og opinberra stofnana.

Umsóknir skulu berast áður en verkefni hefst og í síðasta lagi fyrir 1. september ár hvert. Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku fullgildrar umsóknar taka ákvörðun um afgreiðslu hennar og tilkynna niðurstöðu til umsækjanda. Til þess að umsókn teljist fullgild verða allar nauðsynlegar og umbeðnar upplýsingar að liggja fyrir. Sækja þarf um hvert verkefni út af fyrir sig. Rannís sendir ríkisskattstjóra gögn og upplýsingar um þau verkefni og eigendur sem hlotið hafa staðfestingu, og heldur ríkisskattstjóri skrá þar um og skal hún vera öllum aðgengileg. Samstarfsverkefni skulu vera aðgreind sérstaklega og upplýst skal um alla þátttakendur í þeim.

Fullgild umsókn

Ef í ljós kemur við yfirferð umsóknar að nauðsynlegar upplýsingar vantar mun Rannís kalla eftir þeim frá umsækjanda. Umsækjandi hefur tvær vikur til að skila inn umbeðnum upplýsingum. Þegar fullnægjandi gögn hafa borist telst umsóknin fullgild, frestur til að afgreiða umsókn telst frá því að fullgild umsókn liggur fyrir. Ef umsækjandi skilar ekki umbeðnum upplýsingum innan tveggja vikna telst umsókn ekki fullgild og verður vísað frá.

Upplýsingar og gögn með umsóknum

Í umsókn þarf að gera skýra grein fyrir hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun, sbr. 5. gr. laganna. Sjá nánar um viðskiptaáætlun í orðskýringum í 3. grein, en hér er átt við meginatriði viðskiptaáætlunar eins og hún liggur fyrir á hverjum tíma.

Kostnaðargreining vegna rannsókna- og þróunarverkefna skal vera skýr og greinargóð. Um er að ræða beinan kostnað vegna viðkomandi verkefnis fyrir rekstrarár fyrirtækis, svo sem vegna sérhæfðra starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptar rannsókna- og þróunarvinnu og vegna aðfanga. Við mat á samrekstri í umsókn skal umsækjandi miða við að hann sé allt að 20% af öllum þróunarkostnaði nema aðkeyptri þjónustu (sama regla og í leiðbeiningum Tækni-þróunarsjóðs). Í umsókn þarf að sýna fram á að varið verði a.m.k. 1 milljón króna til rannsókna- og þróunarstarfs á 12 mánaða tímabili, sem er rekstrarár viðkomandi umsækjanda. Endurskoðandi, skoðunarmaður eða viðkenndur bókarist staðfestir endanlegan kostnað með áritun sinni og þar með kostnað til útreiknings á frádrætti.

Skattfrádráttur miðast við hvert verkefni og þarf að sækja um fyrir hvert verkefni, Fyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar eða þróunarverkefni á rétt á frádrætti frá álögðum tekjuskatti sem nemur 20% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna. Hámark kostnaðar til útreiknings hjá hverju fyrirtæki er 100.000.000 kr á rekstrarári.

Gera þarf grein fyrir því í umsókn að starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggir á.

Kostnaði vegna rannsókna- og þróunarstarfs skal halda aðgreindum frá öðrum rekstri fyrirtækisins. Ef um er að ræða fleiri en eitt verkefni, er það skilyrði skattfrádráttar að kostnaði vegna hvers rannsókna- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum fyrirtækisins og að gögn verði aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Samstarfsverkefni

Sé um samstarfsverkefni tveggja eða fleiri aðila skulu upplýsingar um alla þátttakendur koma fram í umsókn. Hámark kostnaðar fyrir verkefnið í heild er 150.000.000 kr og er frádrætti skipt hlutfallslega milli samstarfsfyrirtækja.

Kostnaður vegna kaupa á þjónustu

Ef keypt er rannsóknavinna af öðrum viðurkenndum fyrirtækjum, háskólum eða stofnunum er heimilt að taka tillit til þess kostnaðar, enda liggja fyrir fullnægjandi gögn. Í þeim tilvikum hækkar hámark kostnaðar úr 100.000.000 kr í 150.000.000 kr en gera skal grein fyrir öllum kostnaði í umsókn.

Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga

Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um evrópska efnahagsvæðið. Lögin skipta fyrirtækjum í þrjá flokka eftir fjölda starfsmanna og/eða veltu í evrum.

- Lítil fyrirtæki, eru fyrirtæki þar sem starfsmenn eru færri en 50 og með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra.
- Meðalstór fyrirtæki, sem hafa á bilinu 50-250 starfsmenn og með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra.
- Stór fyrirtæki, með fleiri en 250 starfsmenn.

Samanlagður opinber stuðningur við hvert nýsköpunarverkefni, að meðtöldum skattfrádrætti, fer eftir stærð fyrirtækisins og hvort verkefni telst vera grunnrannsókn, rannsóknarverkefni eða þróunarverkefni. Í Tafla 1 sést hver samanlagður opinber stuðningur við hverja tegund verkefnis getur orðið að hámarki. Sjá má skilgreiningar á rannsóknum, þróun og nýsköpun á vefsíðunni <http://www.rannís.is/greining/>.

	Rannsóknarverkefni		Þróunarverkefni	
	Án samstarfs	Samstarfsverkefni	Án samstarfs	Samstarfsverkefni
Lítill fyrirtæki	70%	80%	45%	60%
Meðalstór fyrirtæki	60%	75%	35%	50%
Stór fyrirtæki	50%	65%	25%	40%

Tafla 1: Samanlagður hámarks opinber stuðningur við verkefni eftir tegund verkefna og stærð fyrirtækja.

Dæmi: Lítil fyrirtæki vinnur að rannsóknarverkefni án samstarfs, hámarks opinber stuðningur er þá 70% af heildarkostnaði verkefnisins. Gefið er að kostnaður við verkefnið er 10 mkr og hámarks opinber stuðningur getur því orðið 7 mkr. Skattfrádráttur getur þá numið að hámarki 2 mkr. Verkefnið er svo styrkt með öðrum opinberum styrkjum t.d. Tækniþróunarsjóði að upphæð 4 mkr og AVS að upphæð 2 mkr. Þá lækkar skattfrádrátturinn niður í 1 mkr svo að hámark opinbers stuðnings fari ekki yfir 7 mkr.

Til að verkefni geti flokkast sem samstarfsverkefni og aukið þannig hlutfall hámarksstyrks við verkefni þurfa eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt.

- Ekkert fyrirtæki getur farið með meira en 70% af styrkhæfum kostnaði vegna samstarfsverkefnis.
- Verkefnið verður að fela í sér samstarf í það minnsta eins lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða vera milli landamæra, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemin verður að eiga sér stað innan í það minnsta tveggja EES-landa.

Í tilfalli samstarfs við rannsóknastofnun og/eða háskóla þurfa eftirtalin skilyrði að vera uppfyllt svo aukning á styrkhæfi rannsóknarverkefna geti orðið.

- Rannsóknarstofnun fer með í það minnsta 10% af styrkhæfum kostnaði.
- Rannsóknarstofnun hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd. Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift eða þær birtar á viðeigandi vetvangi.

Viðskiptaáætlun.

Í 5. gr. laganna er tiltekið, að eitt af skilyrðum þess að verkefni fái staðfestingu sem rannsóknar- eða þróunarverkefni, að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun fyrir verkefnið sem sótt er um sé vel skilgreind. Hér er þó ekki átt við fullbúna viðskiptaáætlun eins og lögð er að öllu jöfnu fyrir fjárfestingarsjóði, heldur meginatriði sem gera grein fyrir fyrirhugaðri viðskiptahugmynd fyrirtækisins og framtíðarhorfum.

3. Verklag Rannís við yfirferð umsókna.

Þegar umsókn berst Rannís er hún metin út frá kröfum um upplýsingar og fylgiskjöl eins og fram kemur í umsóknareyðublaði og með tilliti til þess hvort hún sé efnislega fullnægjandi. Komi í ljós að upplýsingar vantar eða að upplýsingar eru ófullnægjandi er kallað eftir viðbótarupplýsingum og umsækjanda veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim til Rannís. Séu upplýsingar þá fullnægjandi er umsókn talin fullgild og tekin til umfjöllunar, að öðrum kosti er umsókn vísað frá. Taka skal afstöðu til umsóknar innan tveggja mánaða frá því fullgild umsókn liggur fyrir.

Rannís tilkynnir viðkomandi fyrirtæki niðurstöðuna, auk þess að tilkynna embætti ríkisskattstjóra um þau fyrirtæki sem koma að verkefnum sem uppfylla skilyrði laganna og hlotið hafa staðfestingu á grundvelli þeirra.

Fyrirtæki geta síðan sótt um framlengingu á staðfestingu Rannís á verkefni fyrra árs. Hér er gert ráð fyrir að lýsing verkefnisins og heiti sé óbreytt, en umsækjandi tilgreini verkþætti og kostnað yfirstandandi árs og geri grein fyrir breytingum í starfsmannahaldi og/eða aðstöðu í framhaldsumsókn.

Leitast verður við að afgreiða fullgildar umsóknir svo fljótt sem verða má og tilkynna umsækjanda um ákvörðun. Í umfjöllun um einstakar umsóknir er hver og ein metin sjálfstætt út frá efni hennar. Í svari til umsækjenda skal málefnalegur rökstuðningur um afgreiðslu umsóknar fylgja. Samkvæmt lögunum eru ákvarðanir Rannís um afgreiðslu umsókna endanlegar á stjórnarsýslustigi.

Rannís tekur ekki afstöðu til fjárhæða sem fram koma í umsóknum, svo sem hvort rannsóknar- og þróunarkostnaður sé rétt skilgreindur. Allar fjárhagslegar upplýsingar sem fram koma í umsóknum eru á ábyrgð viðkomandi umsækjenda. Sá kostnaður sem myndar stofn skattfrádráttar þarf að uppfylla almenn skilyrði um frádráttarbæran kostnað í skattalegum skilningi, svo og um tengsl kostnaðar við viðkomandi rannsóknar- og þróunarverkefni. Halda þarf sérstaklega utan um þennan kostnað og gera grein fyrir honum á þann veg sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð sem lögð er fram með skattframtali skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara. Skattyfirvöld taka endanlega afstöðu til fjárhagslegra upplýsinga.

Fagnefnd

Sérstök fagnefnd kemur að málsmeðferð samkvæmt lögunum. Fagnefndin er ráðgefandi og er skipuð þremur fulltrúum; fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í fagnefndina. Fagnefndin veitir ráðgjöf um álitafni, verklag og skilgreiningar á verkefnum, en fjallar að öllu jöfnu ekki um einstakar umsóknir eða umsækjendur. Ákvarðanir um afgreiðslu umsókna er alfarið á höndum Rannís.

Gátlistar

Starfsmenn Rannís nota gátlista við yfirferð umsókna. Umsækjendur munu hafa aðgang að þessum gátlistum og geta yfirfarið sjálfir umsókn sína áður en hún er send til umfjöllunar. Hér að neðan er sýnishorn af gátlistum:

Skattfrádráttur vegna rannsóknna-og þróunarkostnaðar

Efni:	Já	Nei
1. Skilyrði sem uppfylla þarf:		
Er verkefnið rannsóknar- eða þróunarverkefni		
Er hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu vel skilgreind		
Er viðskiptaáætlun vel skilgreind		
Er áætlað að verja a.m.k. 1 millj. kr. til rannsóknna- og þróunarstarfs á 12 mánaða tímabili		
Hafa starfsmenn þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmyndin nær til		
2. Almennar upplýsingar:		
Er um að ræða aðra opinbera styrki vegna verkefnisins		
Hefur verið keypt rannsóknarvinna af öðrum aðilum		
- Öðrum viðurkenndum fyrirtækjum		
- Háskólum		
- Stofnunum		
Er um að ræða samstarfsverkefni með öðrum umsækjendum		
- Er samstarfsaðili tilgreindur		

Uppfylla þarf öll atriði í lið 1 til þess að umsækjandi fullnægi skilyrðum.

4. Skilgreiningar og skýringar.

Nýsköpunarfyrirtæki.

Markmið laganna um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, sbr. 1. gr., er að bæta samkeppnisskilyrði þeirra og veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni. Almenn er nýsköpun skilgreind sem ný eða marktækt betri afurð (þjónusta eða hlutur), framleiðsluferli, leið til sölu- eða markaðssetningar, stjórnunaraðferð eða skipulagsfyrirkomulag innan fyrirtækis eða stofnunnar. Nýsköpunin getur ýmist verið ný fyrir tiltekið fyrirtæki, land, markaðssvæði eða heiminn allan. Til þess að teljast nýsköpun verður afurðin, ferlið eða aðferðin að komast í gagnið. Þannig geta nýjar afurðir ekki talist nýsköpun nema þær fari á markað. Hið sama má segja um ný ferli og aðferðir. Þær teljast aðeins nýsköpun sé þeim hrint úr vör innan fyrirtæksins eða stofnunarinnar. Sjá nánar um nýsköpun á vef Rannís <http://www.rannís.is/greining/nyskopun/>.

Rannsóknar- og þróunarverkefni - R&D

Oft eru mörkin milli venjulegrar starfsemi og/eða reksturs annars vegar og þróunarvinnu hins vegar óljós. Í orðskýringum laganna í 3. gr. eru rannsóknir og þróun skilgreind all ítarlega (sjá löggin í 7. kafla). En einnig má benda á skilgreiningu OECD til hliðsjónar, sem flokkar rannsóknir og þróun í þrennt:

1. **Rannsóknarverkefni** fela einnig í sér frumathuganir sem fara fram með það í huga að afla nýrrar þekkingar. Þeim er hins vegar fyrst og fremst beint að sérstökum hagnýtum stefnumiðum eða markmiðum.

Niðurstöðum hagnýtra rannsókna er einkum ætlað að gilda um einstakar eða takmarkaðan fjölda framleiðsluvara, aðgerða, aðferða eða kerfa. Með hagnýtum rannsóknum er leitast við að koma hugmyndum í framkvæmd. Þekkingin eða upplýsingarnar sem þannig fást eru oft skilyrtar við einkaleyfi en einnig er hugsanlegt að þeim sé haldið leyndum.

2. **Þróunarverkefni** felur í sér kerfisbundna vinnu, þar sem byggt er á fyrirliggjandi þekkingu sem hefur fengist með rannsóknum eða hagnýtri reynslu, sem miðar að því að framleiða ný efni, vörur og tæki; að setja upp ný ferli, kerfi og þjónustu; eða að bæta verulega þessa þætti þar sem þeir eru fyrir.

Almenn regla: Það sem skilur rannsóknir og þróunarstarfsemi frá annarri skyldri starfsemi er að eitthvað nýtt og/eða skapandi sé gert t.d. að vara eða aðferð sé aðlöguð nýjum kröfum eða aðstæðum.

Samkvæmt OECD felur rannsóknar- og þróunarstarfsemi ekki í sér:

- Kennslu og viðhald þekkingar.

- Öflun og miðlun vísinda- og tækniupplýsinga.
- Almenna söfnun upplýsinga, svo sem almenna kortagerð, jarð-, vatna-, haf- eða veðurfræðilegar mælingar og tölfræðilega söfnun. Söfnun upplýsinga af ofangreindu tagi sem liður í ákveðnu rannsóknaverkefni er þó talið til rannsóknir og þróun.
- Prófanir og stöðlun efna.
- Hagkvæmniathuganir t.d. vegna fyrirhugaðra framkvæmda, þar sem notaðar eru hefðbundnar aðferðir við ákvarðanatöku. Athuganir þar sem beitt er nýjum og áður óþekktum aðferðum, tilraunir og öflun þekkingar til undirbúnings líkra hagkvæmniathugana eru talin til rannsóknir og þróun.
- Vinna við einkaleyfi og skráningu þeirra.
- Læknis- og sjúkrameðferð.
- Hefðbundna leit að vatni og jarðefnum. Þó telst til rannsókn- og þróunar- starfsemi, þróun nýrra leitaraðferða og öflun nýrrar jarðfræðipekkingar í tengslum við jarðefnaleit.
- Framleiðslueftirlit.

Hér að neðan eru tekin nokkur dæmi um verkefni þar sem mörkin geta verið óljós og reynt að lýsa með dæmum hvað telst vera rannsókn- og þróunarverkefni og hvað ekki. Þetta yfirlit er ekki tæmandi og viðbætur eða frekari skýringar vel þegnar.

Hugbúnaður

Fellur ekki undir R&D	Dæmi
Hefðbundin vara sem er megin verksvið fyrirtækisins, svo sem bókhaldsforrit eða annar hugbúnaður sem hefur skilgreinda notkun og starfsemin byggir á eðlilegu viðhaldi með útgáfu nýrra uppfærsla.	Bókhald Sérsmíði
Aðlögun hefðbundins hugbúnaðar að nýjum stýrikerfum (platformum), enda er um eðlilegt viðhald að ræða.	Win>Linux
Útgáfa handabóka og einblöðunga á prenti eða á vef.	
Aðlögun hugbúnaðar (erlends oftast) að sérstökum aðstæðum, svo sem þýðing eða vegna sér íslenskra laga. Eða bein þýðing á erlendan markað.	Bókhald Sérsmíði
Nýr service pakki – hotfix	t.d. v2.3 > v2.4

Er R&D	Dæmi
Uppfærsla á nýjan markað sem innifelur staðfestingu, svo sem ISO eða local certification > aðkeypt þjónusta	Fara inn á nýjan markað, en hann kallar eftir sérstakri virkni og/eða vottun
Ný virkni (module/functionality)	Ný útgáfa (release) t.d v2.4 > v3.0

Matvælaíðnaður

Fellur ekki undir R&D	Dæmi
Hefðbundinn sjávarútvegur	Hefðbundnar fiskveiðar Hefðbundin fiskvinnsla
Hefðbundið fiskeldi	
Mjólkuriðnaður	Mjólk, ostur og jógúrt með nýju bragði eða nýjum umbúðum
Gosdrykkja- og öliðnaður	Nýjar tegundir Ávaxtadrykkir
Grænmetisbændur	
Hefðbundinn landbúnaður	Skepnur Kornrækt

Er R&D	Dæmi
Þróun nýs tækjabúnaðar	Ný tækni við samval í umbúðir
Matvælaframleiðsla með nýjum aðferðum og nýstárlegu hráefni	Sauðaostur
Fiskeldi	Nýtt fóður Ný seiðaframleiðsla Nýjar tegundir (heitsjavar)
Fiskiðnaður – nýjar veiði- og/eða geymsluaðferðir	Ljósatroll Fullnýting afla um borð

Hönnun

Fellur ekki undir R&D	Dæmi
Arkitektar	Atvinnu- og íbúðarhúsnæði
Saumastofur	Íslensk ull
Fatahönnun?	Hefðbundinn klæðnaður
Vöruhönnun	Skór

Er R&D	Dæmi
Nytjamunir með nýjum aðferðum eða nýju efni	
Leikföng úr nýju efni	Nýta fiskbein á nýjan hátt
Vöruhönnun	Útbúa prótótýpu
Fatahönnun	Nýtt efni Mýkri ull
Arkitektar	Ný hugmyndafræði (concept), vistvænar byggingar

Heilbrigðistæknivörur og lyfjapróun

Þróun lyfja og tækni á heilbrigðissviði þarf lögum samkvæmt að fylgja tilteknum stöðlum og verklagsreglum til þess að útkoman teljist markaðs og skráningarhæf og er að því leyti frábrugðin hefðbundinni vöruþróun.

Almenna reglan er sú að starfsemin sem þarf að eiga sér stað samkvæmt lögum og reglugerðum til þess að skapa lyf eða heilbrigðistæknivörur telst vera R&P með þeirri undanþágu að leyfisgjöld, framleiðslutól og vörukaup sem að leiða beint til eignfæranlegra verðmæta eru þar undanskilin.

Fellur ekki undir R&P	Dæmi
Útgáfa markaðsefnis á prenti eða á vef.	Svo sem útgáfa kynningarefnis eða annars efnis sem ekki er lögboðin hluti vöru.
Kaup á stöðlum	Svo sem kaup á ISO13485
Skráningagjöld hugverkaréttinda	Svo sem skráningagjöld vegna einkaleyfisumsókna
Leyfisgjöld vegna klínískra prófanna	Svo sem rukkaður kostnaður fagráða vegna yfirferðar beiðni um klíniska prófun
Kaup á almennum rannsóknartækjum	Svo sem fjölmælar, sveiflusjár, efnagreiningartæki, o.s.frv.
Kaup á framleiðslutækjum	Svo sem kostnaður vegna véla sem ætlaðar eru framleiðslu
Vöruskráningagjöld	Svo sem skráningagjald vöru til FDA
Skráningagjöld gæðavottanna	Svo sem gjöld vegna ISO9001/ISO13485 vottunar

Er R&P	Dæmi
Uppsetning vöruþróunar samkvæmt þeim stöðlum sem að nauðsynlegir eru til þess að þróun vöru sé möguleg	Uppsetning vöruþróunarferils samkvæmt ISO13485, 21 CFR 820 (FDA), GLP (US), GMP(US) eða öðrum stöðlum sem að við eiga
Vinna við skráningu hugverkaréttinda	Leit að einkaleyfum, undirbúningur að skráningu einkaleyfa,
Öll almenn rannsóknar og þróunarstarfsemi sem snýr að vörunni	Vöruhönnun, smíði frumgerða og frumgerðatól, smíði á sérhæfðum rannsóknartækjum fyrir vöruna
Regluvarsla og skjölun	Gerð þeirra skjala og gagna

	sem nauðsynleg eru samkvæmt gildandi reglum til skráningar og sölu á viðkomandi markaði.
Innri vöruprófanir	Prófanir frumgerða, frumframleiðsla til sannprófunar á virkni. Hönnun og smíði sérhæfðra vöruprófanatækja
Eftirlitsprófanir	Prófanir þar til hæfra eftirlitsaðila til staðfestingar á vöruöryggi
Klínískar prófanir	Undirbúningur og umsóknir um leyfi til klínískra prófanna Framkvæmd klínískra prófanna
Undirbúningur á staðfestingu eftirlitsaðila vöru	Undirbúningur undir úttekt eftirlitsaðila vöru (e. Notified Body) fyrir vörusöluleyfi
Uppfærsla á nýjan markað sem innifelur staðfestingu, svo sem ISO eða local certification > aðkeypt þjónusta	Vilt fara inn á nýjan markað, en hann kallar eftir sérstakri virkni og/eða vottun
Uppfærsla vöru sem felur í sér nýja virkni fyrir gamlan markað eða opnar nýjan markað.	Viðbætur við merkjagreiningu, Breytingar á mæliaðferðum, mælistærðum, Tenging vöru við önnur lækningatæki sem útvíkkar notkun.

5. Árangursmat.

Í lögunum er tilgreint að markmið þeirra sé að bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja og efla rannsóknir og þróunarstarf. Þá er ákvæði í lögunum um að þau skuli endurskoðuð að tveimur árum liðnum. Rannís undirbýr og metur árangur og áhrif laganna.

Þegar fyrirtæki sækir um framlengingu á staðfestingu þarf að skila einfaldri áfangaskýrslu um starfsemina árið á undan. Þegar verkefni lýkur þarf viðkomandi fyrirtæki að skila lokaskýrslu um verkefnið. Þessar skýrslur eru mikilvæg gögn til þess að mögulegt sé að leggja mat á árangurinn og heildaráhrif laganna. Leitast verður við að þessi upplýsingakvöð verði eins einföld og mögulegt er, að mestu leyti þannig að um einfaldar samanburðarspurningar verður að ræða. Auk þess verða upplýsingar sóttar til skattyfirvalda og annarra opinberra aðila eftir því sem þurfa þykir.

Í lögunum er ekki kveðið á um að fyrirtæki veiti framangreindar upplýsingar, en til þess að leggja megi mat á árangur laganna og hvort markmið þeirra náist er mikilvægt að upplýsingarnar berist.

6. Spurningar og svör.

Þessi kafli verður til í samstarfi við hagsmunaaðila og þá sem samráð er haft við vegna útfærslu á framkvæmd laganna. Ennfremur mun hann verða uppfærður þegar umsækjendur fara að vinna umsóknirnar og upp koma atriði sem þarf að skýra nánar.

Dæmi:

- Við greiðum engan launaskatt, bara VSK og fyrirtækjaskatt (t.d. tryggingargjald). Mun það gagnast okkur að sækja um skattfrádrátt?
 - Varðandi skattfrádrátt af R&P er ekki gerð krafa um að fyrirtæki sé komið í þá stöðu að greiða tekjuskatt. Ef það er enginn skattstofn þá er frádrátturinn greiddur út.
- Markaðslegur ávinningur?
 - Hér verður umsækjandi að gera grein fyrir markaðslegum ávinningi; á hvaða markað er stefnt og fjárhagslegur ávinningur fyrirtækisins. Gera grein fyrir í viðskiptaáætlun verkefnisins.
- Hvað er átt við með aðgreiningu kostnaðar vegna R&P frá öðrum rekstri?
 - Hér er það spurning um bókhaldslegt uppgjör og hvernig verkbókhaldi er háttað. Endurskoðandi getur ráðlagt hvernig standa skuli að. Í sumum tilvikum er fyrirtækið sprotafyrirtæki og eina starfsemin snýst um þróun tiltekkinnar vöru, þá er allur rekstur R&P og endurskoðandinn staðfestir að svo sé.
- Aðgengi RSK að gögnum?
 - Ríkisskattstjóra er tilkynnt um niðurstöðu Rannís.
- Hvað ef umsókn er hafnað?
 - Niðurstaða Rannís er endanleg á stjórnisýslustigi, sbr. 8. gr. laga nr. 152/2009, en ef umsókn er ófullkomin að því leyti að gögn vantar gefst umsækjanda kostur á að bæta úr því.
- Er hægt að vísa í umsókn til Tækniþróunarsjóðs?
 - Nei, en það má senda með nýlega umsókn til sjóðsins er varðar sama verkefni og sótt er um skattfrádrátt á. Umsækjendum er þó bent á að viðskiptaáætlun úreldist mjög fljótt.
- Verkefni nær ekki 1 milljón króna marki á almanaksári sem sótt er um, en áætlun á 12 mánaða tímabili sem fellur á tvö almanaksár er yfir 1 milljón?
 - Í reglugerð er kveðið upp úr með að 12 mánaða tímabilið er rekstrarár fyrirtækisins, sem er nánast alltaf almanaksárið. Kostnaður við verkefnið þarf að ná 1 milljón króna á rekstrarárinu.

- Hvar finn ég eyðublað til að skila upplýsingum til RSK?
 - Eyðublaðið sem fylla þarf út hjá RSK er númer 4.21 (www.rsk.is/eydublod/rsk4).
- Eru gögn sem send eru til Rannís meðhöndluð sem trúnaðarmál?
 - Já, almenna reglan er sú að þau gögn sem send eru til Rannís er varða umsóknir eru trúnaðarmál. Upplýsingar um hverjir sækja, heiti verkefnis, hnotskurn verkefnisins og hver niðurstaða Rannís er eru þó almennar upplýsingar.
- Er kostnaður við einkaleyfisumsókn viðurkenndur kostnaður?
 - Samkvæmt reglugerð sem fylgir lögnum er eingöngu kostnaður við kaup á einkaleyfi eða einkaleyfisnotum viðurkenndur kostnaður.
- Eiga opinber hlutafélög rétt á að sækja um skattfrádrátt?
 - Sjá 1. grein reglugerðar númer 758/2011 sem finna má í viðauka handbókar.
- Hvað er átt við með viðskiptaáætlun?
 - Viðskiptaáætlun er stutt greinargerð um verkefnið (3-5 blaðsíður). Hér er óskað eftir stuttri lýsingu þar sem meðal annars kemur fram hvaða áhrif verkefnið hefur á framtíð fyrirtækisins, kostnaður og tekjur vegna verkefnisins, verkáætlun og framtíðarsýn að lámarki til þriggja ára ásamt öðru sem viðkemur verkefninu. Ekki er ætlast til að skilað sé inn jafn ítarlegri viðskiptaáætlun eins og krafist er í umsókn til Tækniþróunarsjóðs. Bent er á að líftími viðskiptaáætlana er skammur.

7. Lög nr. 152/2009 um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

I. kafli. Almenn ákvæði.

1. gr.

Markmið.

□[Markmið þessara laga er að efla rannsóknir og þróunarstarf og bæta samkeppnisskilyrði nýsköpunarfyrirtækja með því að veita þeim rétt til skattfrádráttar vegna kostnaðar við nýsköpunarverkefni.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 42. gr.](#)

2. gr.

Gildissvið.

□[Lög þessi gilda um fyrirtæki sem eru eigendur rannsóknar- eða þróunarverkefna sem staðfest hafa verið af Rannsóknamiðstöð Íslands skv. 5. gr. Háskólar og opinberar stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi laga þessara.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 43. gr.](#)

3. gr.

Orðskýringar.

□Í lögum þessum merkir:

[1. *Lítið fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

[2. *Meðalstórt fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.]¹⁾

[3.]¹⁾ [*Nýsköpunarfyrirtæki*: Lögaðilar skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. [2. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt, sem stunda rannsóknir eða þróun samkvæmt lögum þessum.]¹⁾

[4.]¹⁾ [*Rannís*: Rannsóknamiðstöð Íslands sem er ríkisstofnun sem heyrir undir mennta- og menningarmálaráðherra.

[5.]¹⁾ [*Rannsóknar- og þróunarkostnaður*: Beinn kostnaður við verkefni sem hlotið hefur staðfestingu skv. 5. gr., svo sem vegna starfsmanna, tækja, húsnæðis, aðkeyptrar rannsóknar- og þróunarvinnu og annarra aðfanga sem eingöngu eru notuð við verkefnið.]¹⁾

[6.]¹⁾ [*Rannsóknir*: Skipulagðar rannsóknir eða mikilvægar athuganir sem eru til þess fallnar að stuðla að öflun nýrrar þekkingar og hæfni til þróunar á nýjum afurðum, ferlum eða þjónustu eða til að koma til leiðar umtalsverðum endurbótum á afurðum, ferlum eða þjónustu sem er til staðar. Þær ná yfir sköpun þátta í flóknum kerfum, sem nauðsynlegir eru fyrir rannsóknir, einkum almennar tæknifullgildingar, þó ekki á frumgerðum sem tilgreindar eru í 10. tölul.]¹⁾

[7.]¹⁾ [*Skattfrádráttur*: Frádráttur frá álögðum tekjuskatti eða endurgreiðsla samkvæmt [lögum nr. 90/2003](#), um tekjuskatt.

[8. *Stórt fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.]¹⁾

[9.]¹⁾ [*Viðskiptaáætlun*: Greinargerð um viðskiptahugmynd fyrirtækis, starfsemi þess og möguleika.

[10.]¹⁾ [*Þróun*: Öflun, sameining, mótun og not fyrirleggjandi vísindalegrar, tæknilegrar,

viðskiptalegrar eða annarrar viðeigandi þekkingar og færni í þeim tilgangi að vinna að áætlunum eða ráðstöfunum og hönnun fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar afurðir, ferla eða þjónustu. Þetta kann einnig að fela í sér, til dæmis, aðra starfsemi sem hefur að markmiði hugmyndaskilgreiningar, áætlanir og skráningu nýrra afurða, ferla og þjónustu. Slík starfsemi kann að fela í sér gerð uppkasta, teikninga, áætlana og annarra skjala, enda séu þau ekki ætluð til notkunar í atvinnuskyni.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 44. gr.](#)

II. kafli. [Umsóknarferli o.fl.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 51. gr.](#)

4. gr.

Umsóknir til Rannís.

[Umsókn um staðfestingu á rannsóknar- eða þróunarverkefni skal berast Rannís eigi síðar en 1. september ár hvert.

Umsókn skal afhent á því formi sem Rannís ákveður. Með umsókn skal fylgja greinargóð lýsing á verkefninu ásamt verk- og kostnaðaráætlun.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 45. gr.](#)

5. gr.

[Staðfesting verkefna.]¹⁾

[Rannís ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu samkvæmt lögum þessum. Skilyrði þess að verkefni hljóti staðfestingu er að það teljist rannsóknar- eða þróunarverkefni samkvæmt lögum þessum og einnig]:¹⁾

1. að hugmynd að virðisaukandi vöru/þjónustu og viðskiptaáætlun sé vel skilgreind, og
2. að sýnt sé fram á með gögnum að varið verði a.m.k. [1 millj. kr.]¹⁾ til rannsókna og þróunar á 12 mánaða tímabili, og
3. starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að virðisaukandi vöru eða þjónustu byggist á.

...¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 46. gr.](#)

6. gr. ...¹⁾

[Ef nýsköpunarfyrirtæki kaupir rannsóknar- eða þróunarvinnu af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun til nota í eigin staðfestu rannsóknar- eða þróunarverkefni hækkar hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti skv. 10. gr.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 47. gr.](#)

7. gr.

Samstarfsverkefni.

[Tvö eða fleiri ótengd nýsköpunarfyrirtæki geta staðið saman að verkefni og notið frádráttar skv. 10. gr. Í tilviki samstarfsverkefnis skulu upplýsingar um alla þátttakendur koma fram í umsókn skv. 4. gr. ásamt upplýsingum um áætlaða hlutdeild hvers og eins í rannsóknar- og þróunarkostnaði.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 48. gr.](#)

8. gr.

Málsmeðferð.

[Við mat Rannís á rannsóknar- og þróunarverkefnum má leita til ráðgefandi fagnefndar sem skipuð er þremur fulltrúum með reynslu af málefnum tengdum nýsköpun. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og Samtök atvinnulífsins tilnefna fulltrúa í fagnefndina.

Rannís skal innan tveggja mánaða frá móttöku umsóknar ákvarða hvort verkefni hlýtur staðfestingu skv. 5. gr. Tilkynna skal umsækjanda um þá ákvörðun.

Rannís skal tilkynna ríkisskattstjóra um þau rannsóknar- eða þróunarverkefni sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. og eigendur þeirra. Samstarfsverkefni skulu aðgreind sérstaklega og upplýst um alla þátttakendur í þeim.]¹⁾

...¹⁾

Um meðferð umsókna hjá Rannís fer eftir lögum þessum og öðrum lögum sem um stofnunina gilda.

Ákvarðanir Rannís samkvæmt lögum þessum eru endanlegar á stjórnsýslustigi.

¹⁾[L. 165/2010, 49. gr.](#)

9. gr.

Gildistími staðfestingar.

Staðfesting Rannís skv. 5. ...¹⁾ gr. skal miðast við umsóknarár og gildir fyrir það almanaksár. Umsókn um framlengingu staðfestingar skal lögð fram árlega eigi síðar en 1. apríl. Rannís skal taka umsókn um framlengingu til afgreiðslu innan tveggja mánaða frá móttöku hennar. Fallist Rannís á framlengingu gildir staðfestingin fyrir það ár.

¹⁾[L. 165/2010, 50. gr.](#)

III. kafli. Framkvæmd.

10. gr.

Skattfrádráttur.

[Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu skv. 5. gr. á rétt á sérstökum frádrætti frá álöggðum tekjuskatti sem nemur 20 hundraðshlutum af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. [31. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera 100.000.000 kr. á rekstrarári. Ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu skv. 6. gr. skal hámark kostnaðar samtals vera 150.000.000 kr. Ef um er að ræða samstarfsverkefni skv. 7. gr. skal sama hámark gilda fyrir verkefnið í heild en frádrætti skipt hlutfallslega milli fyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.]¹⁾

Skilyrði frádráttar er að kostnaði vegna hvers rannsóknar- og þróunarverkefnis sé haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum nýsköpunarfyrirtækis og að gögn séu aðgengileg skattfyrirvöldum þegar þau óska þess, sbr. [X. kafli laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt.

Kostnaður sem ekki fellur til í atvinnurekstri tengdum rannsóknum og þróun skapar ekki frádráttarrétt hjá söluaðila, enda færast slíkur kostnaður til frádráttar hjá kaupanda. [Kostnaður sem fellur til vegna umsóknar til Rannís myndar ekki frádráttarrétt hjá nýsköpunarfyrirtæki.]¹⁾

Árlega skal gera grein fyrir kostnaði vegna rannsókna og þróunar í skattframtali á þann hátt sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara.

Fjármálaráðherra skal í reglugerð²⁾ setja nánari reglur um skiptingu og meðferð óbeins kostnaðar, þ.m.t. um fyrningu, fjármagnskostnað og launakostnað, sem til fellur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna í þessu sambandi.

¹⁾[L. 165/2010, 52. gr.](#) ²⁾[Rg. 592/2010.](#)

11. gr.

Greiðsla skattfrádráttar.

Skattfrádráttur skv. 10. gr. kemur til lækkunar á álögdum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda lögaðila, sbr. [71. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út, að teknu tilliti til [112. gr. laga nr. 90/2003](#), um tekjuskatt. ...¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 53. gr.](#)

12.–14. gr. ...¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 54. gr.](#)

15. gr.

Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga.

Heildarfjárhæð opinbers stuðnings við nýsköpunarfyrirtæki samkvæmt lögum þessum takmarkast af skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

[Samanlagður styrkur frá opinberum aðilum að meðtöldum skattfrádrætti samkvæmt lögum þessum skal ekki fara yfir neðangreind hlutföll vegna sama rannsóknar- eða þróunarverkefnis:

1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkhæfur kostnaður orðið hæstur 70% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 80%. Samanlagður styrkhæfur kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 45% eða í tilviki samstarfsverkefnis 60%.

2. Þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkhæfur kostnaður orðið hæstur 60% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 75%. Samanlagður styrkhæfur kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 35% eða í tilviki samstarfsverkefnis 50%.

3. Þegar um stór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkhæfur kostnaður orðið hæstur 50% vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 65% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður styrkhæfur kostnaður vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 25% eða í tilviki samstarfsverkefnis 40% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.

Skilyrði aukningar á styrkhæfi vegna sameiginlegra verkefna er að þau feli í reynd í sér samstarf milli a.m.k. tveggja óháðra fyrirtækja og eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. ekkert eitt fyrirtæki fari með meira en 70% af hinum styrkhæfa kostnaði vegna samstarfsverkefnisins;

2. verkefnið verður að fela í sér samstarf í það minnsta eins lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða vera yfir landamæri, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemin verður að eiga sér stað innan í það minnsta tveggja EES-landa.

Aukning á styrkhæfi er einnig heimil ef verkefnið felur í reynd í sér samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar, sérstaklega í sambandi við samræmingu stefnumörkunar á sviði rannsókna og þróunar, og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. rannsóknarstofnunin fer með í það minnsta 10% af hinum styrkhæfa kostnaði;

2. rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd.

Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift með almennum hætti á tækni- og vísindaráðstefnum eða með birtingu í vísinda- eða tækniritum eða í gegnum opin gagnasöfn (gagnagrunna þar sem hver sem er getur nálgast grunngögn úr rannsóknum), eða í gegnum ókeypis eða opinn hugbúnað.

Undirverktaka skv. 3. og 4. mgr. telst ekki samstarf í skilningi laga þessara.]¹⁾

¹⁾[L. 165/2010, 55. gr.](#)

IV. kafli. Ýmis ákvæði.

16. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra er heimilt með reglugerð¹⁾ að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara.

¹⁾[Rg. 593/2010.](#)

17. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda 2011 vegna tekjuársins 2010. Lögin skulu koma til endurskoðunar innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

8. Lög nr. 137/2009 um tekjuskatt

Lög um breytingu á [lögum nr. 90/2003](#) um tekjuskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 28. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Sérstakur frádráttur nýsköpunarfyrirtækis samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

2. gr.

Við B-lið 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og nema verðmæti keypra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 300.000 kr. hjá einstaklingi og 600.000 kr. hjá hjónum.

Til keypra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf lögaðila sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að maður eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef maður kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir sölnu önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. málsl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádráttur skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádráttur það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimplast frá tekjum skv. A- og B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

3. gr.

Við 31. gr. laganna bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Fé sem varið er til kaupa á hlutabréfum í nýsköpunarfyrirtækjum samkvæmt lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, enda sé um hlutafjáraukningu að ræða skv. [V. kafla laga nr. 2/1995](#), um hlutafélög, og [V. kafla laga nr. 138/1994](#), um einkahlutafélög.

Frádráttur skv. 1. mgr. skal miðast við fjárfestingu á hverju ári og nema verðmæti keypra hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa í sams konar félögum, en þó aldrei hærri en 15.000.000 kr.

Til keypra hlutabréfa skv. 2. mgr. teljast einungis hlutabréf í félögum sem fengið hafa staðfestingu frá Rannís skv. 6. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og eru á skrá sem ríkisskattstjóri heldur vegna viðkomandi tekjuárs.

Það er skilyrði frádráttar skv. 1. mgr. að skattaðili eigi viðkomandi hlutabréf yfir þrenn áramót og geri árlega grein fyrir eignarhaldi þeirra á skattframtali. Selji hann bréfin innan þess tíma færist nýttur frádráttur til tekna á söluári viðkomandi hlutabréfa. Ekki skal þó beita

ákvæði um tekjufærslu frádráttar ef skattaðili kaupir á sama ári og eigi síðar en 30 dögum eftir söluna önnur hlutabréf í hlutafélagi sem uppfyllir skilyrði þessa töluliðar, fyrir a.m.k. sömu fjárhæð og söluverð hinna seldu hlutabréfa var. Sé kaupverðið lægra skal ákvæði 2. másl. eiga við um mismuninn. Fenginn frádrátt skal tekjufæra að fullu með 10% álagi, eða í réttu hlutfalli við það sem upp á vantar að endurfjárfest sé í stað hinna seldu.

Ekki er heimilt að flytja á milli ára og nýta sem frádrátt það sem fjárfest er umfram hámark á hverju ári skv. 2. mgr. þessa töluliðar.

Frádráttur samkvæmt þessum tölulið heimilast frá tekjum skv. B-lið 7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skilyrði frádráttar samkvæmt þessum tölulið.

4. gr.

Við 4. mgr. 112. gr. laganna bætast þrjú nýir málsliðir, svohljóðandi: Frá álögðum tekjuskatti lögaðila sem falla undir 5. gr. laga um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki skal draga fjárhæð sem ákvörðuð er skv. 11. gr. þeirra laga áður en greiðsluskylda samkvæmt þessari málsgrein er ákvörðuð. Sé engin eða lægri greiðsluskylda fyrir hendi skal greiða frádráttinn út að hluta eða öllu leyti. Reglur um skuldajöfnun skattfrádráttar á móti opinberum gjöldum eða vörslusköttum til ríkissjóðs, þar á meðal um forgangsröð, skulu settar í reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2010 og koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda árið 2011 vegna tekjuársins 2010.

9. Reglugerð nr. 758/2011

REGLUGERÐ

um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki í formi skattfrádráttar vegna staðfesta rannsóknar- eða þróunarverkefna, skv. lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki. Lög nr. 152/2009 og reglugerð þessi taka mið af leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA, um ríkisaðstoð til rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna frá febrúar 2007. Ríkisaðstoðarkerfið sem felst í lögum nr. 152/2009 var samþykkt af Eftirlitsstofnun EFTA með ákvörðun sem dagsett er 23. mars 2011.

Með nýsköpunarfyrirtæki er átt við lögaðila skv. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, sem stundar rannsóknir eða þróun eins og þau hugtök eru skilgreind í reglugerð þessari.

Háskólar og opinberar stofnanir teljast ekki fyrirtæki í skilningi laga nr. 152/2009. Stofnun telst opinber ef hún getur borið réttindi og skyldur að lögum og sérstaklega hefur verið stofnað til hennar í því skyni að þjóna almannahagsmunum, enda reki hún ekki starfsemi sem jafnað verður til starfsemi einkaaðila, svo sem á sviði viðskipta eða iðnaðar. Auk þess skal eitthvert eftirfarandi atriða eiga við um stofnunina:

- Starfsemin er að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila. Miðað skal við að stofnunin sé að mestu leyti rekin á kostnað ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila ef opinber fjármögnun nemur meira en 50% af árlegum rekstrarkostnaði.
- Hún lýtur yfirstjórn ríkis eða sveitarfélaga, stofnana þeirra eða annarra opinberra aðila.
- Hún lýtur sérstakri stjórn sem ríki eða sveitarfélög, stofnanir þeirra eða aðrir opinberir aðilar skipa að meiri hluta.

2. gr.

Staðfesting verkefna.

Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) ákvarðar hvort verkefni hlýtur staðfestingu sem rannsóknar- eða þróunarverkefni skv. lögum nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki og reglugerð þessari. Umsókn um staðfestingu skal berast Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) á því formi sem stofnunin ákveður og eigi síðar en 1. september ár hvert vegna yfirstandandi tekjuárs. Umsókn um framlengingu staðfestingar skal skilað árlega og eigi síðar en 1. apríl fyrir hvert tekjuár.

Sækja skal um staðfestingu vegna hvers verkefnis fyrir sig. Í tilviki samstarfsverkefnis skal upplýst um alla þátttakendur og áætlaða hlutdeild hvers og eins. Einungis rannsóknar- eða þróunarverkefni geta hlotið staðfestingu. Með umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

- Verk- og kostnaðaráætlun.
- Viðskiptaáætlun, þ.e. greinargerð um viðskiptahugmynd nýsköpunarfyrirtækis, starfsemi þess og möguleika, ásamt greinargóðri lýsingu á því rannsóknar- eða þróunarverkefni sem um ræðir.

3. Gögn sem sýna fram á að varið verði a.m.k. 1 milljón króna til rannsókna eða þróunar á yfirstandandi tekjuári.
4. Gögn sem sýna fram á að starfsmenn hafi þjálfun, menntun eða reynslu á því sviði sem hugmynd að rannsóknar- eða þróunarverkefni byggist á.

Ákvarða skal innan tveggja mánaða hvort verkefni hlýtur staðfestingu og gildir ákvörðunin fyrir það tekjuár sem umsókn varðar. Ákvörðun um staðfestingu er endanleg á stjórnsýslustigi og skal tilkynna umsækjanda formlega um niðurstöðuna. Um málsmeðferð fer að öðru leyti samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

3. gr.

Rannsóknir og þróun.

Í reglugerð þessari hafa hugtökin rannsóknir og þróun eftirfarandi merkingu:

1. *Rannsóknir*: Skipulagðar rannsóknir eða mikilvægar athuganir sem eru til þess fallnar að stuðla að öflun nýrrar þekkingar og hæfni til þróunar á nýjum afurðum, ferlum eða þjónustu eða til að koma til leiðar umtalsverðum endurbótum á afurðum, ferlum eða þjónustu sem er til staðar. Þær ná yfir sköpun þátta í flóknum kerfum, sem nauðsynlegir eru fyrir rannsóknir, einkum almennar tæknifullgildingar, þó ekki á frumgerðum sem tilgreindar eru í 2. tölul.
2. *Þróun*: Öflun, sameining, mótun og not fyrirbyggjandi vísindalegrar, tæknilegrar, viðskiptalegrar eða annarrar viðeigandi þekkingar og færni í þeim tilgangi að vinna að áætlunum eða ráðstöfunum og hönnun fyrir nýjar, breyttar eða endurbættar afurðir, ferla eða þjónustu. Þetta kann einnig að fela í sér, til dæmis, aðra starfsemi sem hefur að markmiði hugmyndaskilgreiningar, áætlanir og skráningu nýrra afurða, ferla og þjónustu. Slík starfsemi kann að fela í sér gerð uppkasta, teikninga, áætlana og annarra skjala, enda séu þau ekki ætluð til notkunar í atvinnuskyni.

4. gr.

Flokkun fyrirtækja eftir stærð.

Hámark opinberra styrkveitinga til einstakra rannsóknar- eða þróunarverkefna ræðst af þeim takmörkunum sem raktar eru í 6. gr. en í reglugerð þessari eru fyrirtæki flokkuð eftir stærð á eftirfarandi hátt:

1. *Lítið fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með færri en 50 starfsmenn og er með árlega veltu undir 2 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 2 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008 frá 6. ágúst 2008, þar sem tilgreindir eru tilteknir flokkar aðstoðar sem samrýmast sameiginlega markaðnum til beitingar 61. og 62. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.
2. *Meðalstórt fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með á bilinu 50–250 starfsmenn og er með árlega veltu undir 50 milljónum evra og/eða efnahagsreikning undir 43 milljónum evra, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.
3. *Stórt fyrirtæki*: Fyrirtæki sem er með fleiri en 250 starfsmenn, sbr. I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 800/2008.

5. gr.

Rannsóknar- og þróunarkostnaður.

Eftirfarandi kostnaður telst styrkhæfur rannsóknar- og þróunarkostnaður skv. 5. tölul. 3. gr. laga nr. 152/2009 og 7. gr. reglugerðar þessarar enda sé um frádráttarbæran rekstrarkostnað að ræða í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt:

1. Starfsmannakostnaður, þ.m.t. vegna vinnu vísindamanna, tæknimanna og annars aðstoðarfólks sem vinnur að rannsóknarverkefninu.
2. Kostnaður við tæki og búnað að því marki og í þann tíma sem þau eru notuð við rannsóknarverkefnið. Ef fyrrgreind tæki og búnaður eru ekki notuð allan endingartíma sinn við rannsóknarverkefnið telst aðeins afskrifaður kostnaður, sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og reiknaður er á grundvelli góðra reikningsskilavenja styrkhæfur kostnaður við þessar aðstæður.
3. Kostnaður vegna bygginga og lands, að því marki og í þann tíma sem fasteignirnar eru notaðar við rannsóknarverkefnið, telst, að því er varðar byggingar, aðeins afskrifaður kostnaður sem samsvarar þeim tíma sem rannsóknarverkefnið varir og reiknaður er á grundvelli góðra reikningsskilavenja styrkhæfur kostnaður. Að því er varðar land telst útlagður kostnaður við afsal eða fjármagnskostnaður, sem stofnað er til, uppfylla skilyrði sem styrkhæfur kostnaður.
4. Kostnaður í tengslum við samningsbundnar rannsóknir, tækniþekkingu og einkaleyfi, sem keypt eru, eða leyfi sem fengin eru frá utanaðkomandi aðilum á markaðsverði í viðskiptum Nr. 758 12. júlí 2011 ótengdra aðila sem og kostnaður vegna ráðgjafar og sambærilegrar þjónustu sem eingöngu er nýtt í tengslum við rannsóknarstarfsemina.
5. Annar kostnaður sem stofnað er til beint vegna rannsóknarverkefnisins. Þó ekki sá kostnaður sem fellur til í beinum tengslum við umsókn um staðfestingu hjá rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís).
6. Annar rekstrarkostnaður, þ.m.t. efniskostnaður, kostnaður við birgðir og þess háttar sem stofnað er til beint í tengslum við rannsóknarstarfsemina.

Kostnaði vegna hvers rannsóknar- eða þróunarverkefnis skal haldið aðgreindum frá öðrum útgjöldum nýsköpunarfyrirtækis. Við skil á skattframtali skal gera grein fyrir rannsóknar- eða þróunarkostnaði með þeim hætti sem ríkisskattstjóri ákveður. Kostnaðargreinargerð skal árituð af endurskoðanda, skoðunarmanni eða viðurkenndum bókara.

6. gr.

Takmarkanir á heildarfjárhæð opinberra styrkveitinga.

Samanlagður styrkur frá opinberum aðilum, að meðtöldum skattfrádrætti skv. 7. gr., skal ekki fara yfir neðangreind hlutföll af styrkhæfum kostnaði vegna sama rannsóknar- eða þróunarverkefnis, sbr. 15. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

1. Þegar um lítil fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 70% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 80%. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 45% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða í tilviki samstarfsverkefnis 60%.
2. Þegar um meðalstór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 60% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 75%. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 35% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða í tilviki samstarfsverkefnis 50%.
3. Þegar um stór fyrirtæki er að ræða getur samanlagður styrkur orðið hæstur 50% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar vegna rannsóknarverkefnis eða í tilviki samstarfsverkefnis 65% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska

efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Samanlagður styrkur vegna þróunarverkefnis getur hæstur orðið 25% af heildarupphæð styrkhæfs kostnaðar eða í tilviki samstarfsverkefnis 40% enda sé um að ræða samstarfsverkefni milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu eða með a.m.k. einu litlu eða meðalstóru fyrirtæki.

Skilyrði aukningar á styrkhæfi vegna samstarfsverkefna er að þau feli í reynd í sér samstarf milli a.m.k. tveggja óháðra fyrirtækja og að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. ekkert eitt fyrirtæki fari með meira en 70% af hinum styrkhæfa kostnaði vegna samstarfsverkefnisins;
2. verkefnið verður að fela í sér samstarf í það minnsta eins lítils eða meðalstórs fyrirtækis eða vera yfir landamæri, þ.e. rannsóknar- og þróunarstarfsemin verður a.m.k. að eiga sér stað innan tveggja EES-landa.

Aukning á styrkhæfi er einnig heimil ef verkefnið felur í reynd í sér samstarf milli fyrirtækis og rannsóknarstofnunar, sérstaklega í sambandi við samræmingu stefnumörkunar á sviði rannsókna og þróunar, og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. rannsóknarstofnunin fer með í það minnsta 10% af hinum styrkhæfa kostnaði;
2. rannsóknarstofnunin hefur rétt til að birta niðurstöður rannsóknarverkefnisins að því marki sem þær eru tilkomnar vegna rannsókna sem stofnunin hefur hrint í framkvæmd.

Enn fremur er aukning heimil, fyrir rannsóknir eingöngu, ef niðurstöðum verkefnisins er dreift með almennum hætti á tækni- og vísindaráðstefnum eða með birtingu í vísinda- eða tækniritum eða í gegnum opin gagnasöfn eða í gegnum ókeypiss eða opinn hugbúnað. Með opnu gagnasafni er átt við gagnagrunn þar sem hver sem er getur nálgast grunngögn úr rannsóknum. Undirverktaka við þær aðstæður sem raktar eru í 3. og 4. mgr. telst ekki samstarf í skilningi reglugerðar þessarar.

7. gr.

Skattfrádráttur.

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefni sem hlotið hefur staðfestingu samkvæmt reglugerð þessari á rétt á sérstökum frádrætti frá álögdum tekjuskatti sem nemur 20 hundradshlutum af útlögðum kostnaði vegna þeirra verkefna enda sé um að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað í skilningi 1. mgr. 1. tölul. 31. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki er 100.000.000 kr. á rekstrarári.

Ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu af ótengdu fyrirtæki, háskóla eða stofnun til nota í eigin staðfestu rannsóknar- eða þróunarverkefni, skv. 6. gr. laga nr. 52/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, hækkar hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki og verður samtals 150.000.000 kr.

Ef um er að ræða samstarfsverkefni tveggja eða fleiri ótengdra nýsköpunarfyrirtækja, skv. 7. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, skal hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti fyrir verkefnið í heild vera samtals 150.000.000 kr. en frádrætti skal skipt hlutfallslega milli fyrirtækjanna sem taka þátt í samstarfsverkefninu.

Ríkisskattstjóri ákvarðar skattfrádrátt samkvæmt reglugerð þessari við álagningu opinberra gjalda. Fjárhæð skattfrádráttar nýsköpunarfyrirtækis ræðst af þeim skilyrðum sem rakin eru í 1.-3. mgr. Einnig getur skattfrádráttur skerst vegna þeirra takmarkana sem gilda skv. 6. gr. um hámark opinberra styrkja til einstakra rannsóknar- eða þróunarverkefna.

Skattfrádrátturinn kemur til lækkunar á álögðum tekjuskatti við álagningu opinberra gjalda. Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádráttur eða sé lögaðila ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps skal frádrátturinn greiddur út, að teknu tilliti til 112. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

8. gr.

Reglugerðarheimild.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. og 16. gr. laga nr. 152/2009, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, öðlast þegar gildi. Við gildistöku hennar falla úr gildi reglugerð nr. 592/2010, um meðferð og skiptingu óbeins kostnaðar við ákvörðun á skattfrádrætti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna nýsköpunarfyrirtækja og reglugerð nr. 593/2010, um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki.

Fjármálaráðuneytinu, 12. júlí 2011.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

10. Leiðbeinandi reglur ESA um ríkisstuðning.

Í 1. mgr. 61. gr. EES samningsins er kveðið á um meginregluna um bann við ríkisaðstoð. Nánar tiltekið er ákvæðið svohljóðandi: „Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki ESB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

Á grundvelli þessa hefur framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sett leiðbeinandi reglur, frá febrúar 2007, um ríkisaðstoð til rannsóknar-, þróunar- og nýsköpunarverkefna (State aid for research and development and innovation). Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur tekið þær reglur upp og eru þær leiðbeinandi um það hvaða ríkisaðstoð sé heimil til fyrirtækja sem starfa að nýsköpun eða rannsóknum og þróun. Hámark leyfilegrar aðstoðar fer í hverju tilviki bæði eftir stærð fyrirtækis og eðli verkefnis.

Leiðbeiningareglur ESA eru eingöngu gefnar út á ensku og hafa ekki verið þýddar á íslensku. Þessar reglur eru aðgengilegar á vef ESA:

<http://www.eftasurv.int/state-aid/legal-framework/state-aid-guidelines/> - Sjá undir kafla III (Horizontal Rules), 'Aid for research and development and innovation' (R&R Guidelines).

Eins og fyrr segir eru leiðbeiningarnar unnar eftir fyrirmynd frá framkvæmdastjórn ESB (community framework / rammi bandalagsins), sem má finna á vef ESB:

http://europa.eu/legislation_summaries/competition/state_aid/126078_en.htm og <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:C:2006:323:0001:0026:EN:PDF> *